



Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 10. júlí 2025

USK24090202

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 10.7.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Borgarlína 1. lota - Laugavegur frá Hallarmúla að Hlemmi - Deiliskipulag - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júní 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. júní 2025 á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými efsta hluta Laugavegar vegna 1. lotu Borgarlínu, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Auðun Helgason og Brynjar Þór Jónasson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokks taka undir áhyggjur hagaðila varðandi legu Borgarlínu við Laugaveg og fækkun á bílastæðum við þjónustufyrirtæki. Þá er ljóst hagaðilar á nærliggjandi svæðum þar sem Laugavegi sleppir og Suðurlandsbraut tekur við hafa miklar áhyggjur af legu og sniði Borgarlínu. Það er mikilvægt að tillit verði tekið til athugasemda íbúa og fyrirtækja á svæðinu þannig að deiliskipulagsbreytingin hafi ekki neikvæð áhrif á starfsemi og rekstur fyrirtækja eða daglegt líf íbúa.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík